

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um 45**  
**hlunnindi handa sparisjóði.** (Ágrip). Sparisjóði Bardarstrandarsýslu endurveitt 26. febr.  
 hlunnindi þau, er getur um í tilsk. 4. janúar 1874, fyrir 5 ára tímabil frá 1.  
 janúar 1898. að telja, og með venjulegum skilyrðum.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um að Stokks-**  
**eyrarhreppur skuli vera sjerstök manntalsþinghá.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 25. 46  
 f. m., hafið þjer, herra amtmáður, sent mjer beiðni hreppsnefndarinnar í Stokks- 3. marz.  
 eyrarhreppi ásamt meðmælum hlutaðeiganda sýslumanns, um að Stokkseyrar-  
 hreppur í Arnessýslu fái þingstað sjer innanhrepps til manntalsþinghalda og er  
 svo til ætlazt að þingstaðurinn verði á Stokkseyyri. Hafið þjer lagt það til að  
 hið umbeðna verði veitt.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundur gefið til þókn-  
 anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til þess,  
 að Stokkseyrarhreppur verði eptirleiðis sjerstök mauntalsþinghá, með þingstað á  
 Stokkseyyri, og er samþykki þetta bundið því skilyrði, að hreppsnefndin í nefnd-  
 um hreppi sjái um, að til verði á þessum stað sæmilegt hús til þinghalda.

Með þessari ákvörðun er engi breyting gjörð á skipun dómpingháa  
 Arnessýslu.

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs 1897.

47

|   | Tekjur. | Kr. a.  | Kr. a.   |
|---|---------|---------|----------|
| 1. Eptirstöðvar við árslok 1896:  |         |         |          |
| a, Innritunarskirteini, Litr. A. Fol. 87. . . . .   |         | 28500   | 00       |
| b, Skuldabrjef . . . . .  |         | 38314   | 22       |
| c, Ógoldnir vextir frá 1894 . . . . .   | 28 kr.  |         |          |
| d, Ógoldnir vextir frá 1895 . . . . .   | 28 kr.  |         |          |
| e, Ógoldnir vextir frá 1896 . . . . .   | 56 kr.  | 110     | 00       |
| f, Í landsbankanum . . . . .  |         | 1312    | 16       |
| g, Í peningum . . . . .   |         | 180     | 98       |
|   |         | <hr/>   | 68417 36 |
| 2. Vextir:  |         |         |          |
| a, Af innritunarskirteini, Litr. A. Fol. 87, frá <sup>11</sup> / <sub>12</sub>                          |         |         |          |
| '96 til <sup>11</sup> / <sub>12</sub> '97 . . . . .   |         | 997     | 50       |
| b, Af skuldabrjefum frá <sup>11</sup> / <sub>6</sub> '96 til <sup>11</sup> / <sub>6</sub> '97 . . . . . |         | 1284    | 57       |
| c, Dagvextir af skuldabrjefum til <sup>11</sup> / <sub>6</sub> '97 . . . . .                            |         | 57      | 16       |
| d, Dagvextir af skuldabrjefum greiddir annað-   |         |         |          |
| hvort fyrir eða eptir <sup>11</sup> / <sub>6</sub> '97 . . . . .  |         | 56      | 33       |
|   |         | <hr/>   |          |
|   | Flyt    | 2395 56 | 68417 36 |